

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til
þriggja skipasmiðastöðva.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt:

- a. Að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmiðastöð fyrir stálskip í Arnarvogi í Gullbringusýslu, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- b. Að ábyrgjast fyrir Stálskipasmiðjuna h/f allt að 4 milljón króna lán til byggingar skipasmiðastöðvar í Kópavogi, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- c. Að ábyrgjast fyrir Skipasmiðastöð Njarðvíkur h/f allt að 1.2 milljón króna lán til stækkunar og endurbóta á skipasmiðastöðinni, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um innflutning búfjár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um innflutning búfjár.

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu, sbr. 2. gr., og leyft innflutning á búfé, öðrum dýrum og búfjársæði, enda sé stranglega fylgt þeim fyrir-mælum, sem felast í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir.